**Ed.** **148. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Síðasti málsliður 2. gr. orðist svo: Í þessum kaupstöðum skal héraðslækni séð fyrir skrifstofu og aðstoð við skrifstofuhald, ef þörf krefur. Kostnaður af skrifstofuhaldinu greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjarsjóði. Þessi ákvæði um skrifstofuhald koma til framkvæmda í Reykjavík nú þegar, þótt ekki verði þar héraðslæknaskipti.